

2011 nr. 87 23. júní

Lög um gistenáttaskatt

Tóku gildi 1. janúar 2012. *Breytt með:* L. 164/2011 (tóku gildi 30. des. 2011 nema 1.-2., 4.-5., 7., 15.-21., 24.-27., 29.-30. og 34.-39. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrimálum í 40. gr.). L. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c-liður 8., 9., 18., r-liður 19., 20., 22.-24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s-liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrimálum í 62. gr.). L. 59/2017 (tóku gildi 21. júní 2017 nema 4., 9.-11., 16. og 18.-25. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017, b- og c-liður 2. gr. og 6. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018 og 3. gr. sem tók gildi 1. jan. 2019 skv. l. 96/2017, 48. gr.; komu til framkvæmda skv. fyrimálum í 26. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málnefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. *Markmið.*

□ Markmið laga þessara er að afla tekna til að stuðla að uppbýggingu, viðhaldi og verndun fjölsóttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins.

■ 2. gr. *Gistenáttaskattur.*

□ Greiða skal í ríkissjóð gistenáttaskatt af hverri seldri gistenáttaeiningu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Gistenáttaeining er leiga á gistaðstöðu í allt að einn sólarhring, þ.m.t. yfir nótt. Með gistaðstöðu er átt við húsnaði eða svæði sem leigt er út í þeim tilgangi að þar sé dvalið yfir nótt, svefnáðstaða sé fyrir hendi eða hægt sé að koma henni fyrir og leigan sé almennt til skemmri tíma en eins mánaðar, svo sem hús, íbúðir og herbergi, þ.m.t. herbergi á hótelum og gistiheimilum, sem og tjaldstæði og staði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi.

□ Gistenáttaskattur skal nema [300 kr.]¹⁾ fyrir hverja selda gistenáttaeiningu.

□ Tilgreina skal gistenáttaskatt á sölureikningi eða greiðslukvittun og myndar hann stofn til virðisaukaskatts.

¹⁾ L. 126/2016, 10. gr.

■ 3. gr. *Undanþágur.*

□ [Ekki skal leggja gistenáttaskatt á sölu gistingar sem ekki ber virðisaukaskatt samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.]¹⁾

¹⁾ L. 164/2011, 34. gr.

■ 4. gr. *Skattskyldir aðilar.*

□ Öllum þeim sem selja gistenáttaeiningar skv. 1. mgr. 2. gr. ber skylda til að innheimta og standa skil á gistenáttaskatti.

□ ...¹⁾

□ Skattskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um skattskylda starfsemi áður en hún hefst.

□ Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ L. 164/2011, 35. gr.

■ 5. gr. *Álagning gistenáttaskatts.*

□ Ríkisskattstjóri annast álagningu gistenáttaskatts skv. 2.

gr. Skattskyldir aðilar skulu greiða gistenáttaskatt fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við fjölda seldra gistenáttaeininga.

□ [Uppgjörstímabil gistenáttaskatts skulu vera þau sömu og uppgjörstímabil virðisaukaskatts hjá skattáðila, sbr. 24. og 31. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.]¹⁾ Gjalddagi er fimmri dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færst hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir skila innheimtumanní ríkissjóðs skýrslu um fjölda seldra gistenáttaeininga á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu skattsins.

□ Skýrslur vegna gistenáttaskatts skulu vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

¹⁾ L. 164/2011, 36. gr.

■ 5. gr. a.

□ Endurgreiða skal gistenáttaskatt á grundvelli alþjóðasamninga og tvíhlíða samninga sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Með sama hætti skal endurgreiða gistenáttaskatt til erlends liðsafla og borgaralegra deilda hans, þ.m.t. Atlantshafssbandalagsins, Samstarfs í þágu friðar, herliðs Bandaríkjanna og annarra aðila sem undanþegnir skulu gistenáttaskatti samkvæmt alþjóðasamningum, tvíhlíða samningum eða sérstökum lögum þar um.]¹⁾

¹⁾ L. 59/2017, 25. gr.

■ 6. gr. *Viðurlög.*

□ Sé gistenáttaskatti ekki skilað á réttum tíma skal skattskyldur aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt skýrslu um fjölda seldra gistenáttaeininga. Álag skal vera 1% af þeiri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó verður það ekki hærra en 10%.

□ Sé skatti ekki skilað innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.

□ Heimilt er innheimtumanní ríkissjóðs að láta löggreglu stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga þar til skil eru gerð, m.a. með því að setja skrifstofur, starfsstöðvar og gistaðstöðu hans undir innsigli.

■ 7. gr. *Ýmis ákvæði.*

□ Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

■ 8. gr. *Reglugerðarheimild.*

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

■ 9. gr. *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012 og gilda um þær gistenáttaeiningar sem seldar eru frá og með þeim degi.